

Ed.

477. Frumvarp til póstlaga.

[248. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. KAFLI

Póstþjónustan, skilgreining og verksvið.

1. gr.

Með póstþjónustu er fyrst og fremst átt við starfsemi er varðar viðtöku, flutning og skil á póstsendingum.

Póstsendingar greinast í þrjá höfuðflokka:

- a) Bréfapóstsendingar.
- b) Bögglaþóstsendingar.
- c) Fjármunapóstsendingar.

2. gr.

Bréfapóstsendingar má senda í ábyrgð.

Enn fremur er heimilt að senda bréf og böggla sem verðsendingar.

Til fjármunapóstsendinga teljast greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró).

Póstsendingar samkvæmt þessari grein skulu ávallt bókfærðar.

Nánari ákvæði um þetta setur ráðherra í reglugerð.

3. gr.

Með póstþjónustu er einnig átt við aðra samrýmanlega starfsemi, sem ákveðin er eða kann að verða ákveðin með öðrum lögum, reglum eða samningum.

II. KAFLI

Einkaréttur.

4. gr.

Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að safna saman, flytja og bera út eftirtaldar sendingar:

- a) Lokaðar bréfapóstsendingar hvert svo sem innihald þeirra kann að vera.
- b) Aðrar lokaðar sendingar, sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í póst að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina póstþjónustunnar.

5. gr.

Póstsendingar samkvæmt 4. gr. sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda hér á landi eða flytjast áfram með íslensku flutningafyrirtæki eða um íslenskt póstsvæði skulu þegar í stað afhentar Póst- og símamálastofnun.

6. gr.

Póstflytjendum, hvort heldur sem þeir eru starfsmenn Póst- og símamálastofnunar eða flutningsaðila, sem á hennar vegum annast póstflutninga er óheimilt að flytja sjálfir eða hafa meðferðis sendingar utan póstflutningsins.

Flutningafyrirtækjum, sem halda uppi reglubundnum farþegaflutningum, er þó heimilt að flytja slíkar sendingar utan póstflutnings með flutningatækjum sínum milli starfsstöðva fyrirtækisins, enda varði þær starfsemi þess.

Enn fremur má flytja fyrrnefndar sendingar utan pósts ef þær eru frímerktar samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir póstpjónustu og frímerkin síðan gerð ógild, eða þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða aðila sem hann starfar fyrir.

7. gr.

Á þeim stöðum þar sem Póst- og símamálastofnun hefur komið á daglegum póstútburði, a. m. k. fimm sinnum í viku, má enginn hafa atvinnu af að safna saman, flytja eða bera út sendingar þær, sem greinir í 4. gr.

8. gr.

Óheimilt er óviðkomandi aðilum að nota merki póstpjónustunnar, sem er póstlúður með stjörnu og örvum í gegn.

Enn fremur er óheimilt að setja upp á almannafæri neitt það, er að lit, lögun og gerð líkist póstkössum Póst- og símamálastofnunar.

III. KAFLI

Póstleynd.

9. gr.

Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um það hverjir nota póstinn eða á hvern hátt hann er notaður, né heldur gefa neinum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem látið er í póst til flutnings.

Pagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10. gr.

Heimilt er þrátt fyrir ákvæði 9. gr. að opna eftir sérstökum reglum þær póstsendingar, sem ekki er unnt að koma til skila, til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur séu, svo að unnt sé að endursenda þær. Enn fremur er heimilt eftir sérstökum reglum í undantekningartilvikum að leyfa að sendingar séu opnaðar, þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til þess að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Reglur samkvæmt þessari grein skulu settar af ráðherra.

11. gr.

Einungis má veita upplýsingar um notkun pósts, að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum. Ráðherra ákveður hvort dómsúrskurði skuli áfrýja.

IV. KAFLI

Póstmeðferð.

12. gr.

Með póstmeðferð er átt við viðtöku póstsendinga, flutning þeirra og skil.

Húseigendum er skylt að setja upp bréfaþakka í eða við hús sín, á sinn kostnað. Nánari ákvæði um þetta setur ráðherra í reglugerð.

13. gr.

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innanlands og til útlanda er skyldur til, sé þess krafist, að flytja póst milli endastöðva og pósthöfuðva á leiðinni, enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Póstur skal njóta forgangs fram yfir annan flutning.

14. gr.

Sendandi hefur ráðstöfunarrétt yfir sendingu, sem hann hefur afhent til pósthlutnings, þangað til hún er afhent viðtakanda.

15. gr.

Í pósti má ekki flytja neitt sem bannað er að dreifa eða sem að ytra útliti ber með sér eitthvað ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi.

Óheimilt er að taka til flutnings hluti, sem hætta stafar af eða erfiðleikar eru á að flytja. Heimilt er þó að veita undanþágur fyrir flutningi, ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af honum, eins og frekast er unnt eða með sérstökum ráðstöfunum og ástæður að öðru leyti mæla með flutningnum.

16. gr.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarbréf í lokuðu umslagi og verðsendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgrip og hliðstæð verðmæti.

17. gr.

Póstsendingar, sem ekki verður komið til skila, hvort heldur til viðtakanda eða sendanda skulu eyðilagðar eða seldar samkvæmt nánari reglum.

18. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um meðferð pósts.

V. KAFLI

Gjaldskrá og frímerki.

19. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar, gjaldskrá fyrir pósthjónustu.

20. gr.

Gjaldfrjálssar skulu vera þær sendingar, sem samkvæmt alþjóðasamningum eru frígengar í alþjóðapósthjónustunni.

Enn fremur eru gjaldfrjálssar allar sendingar innan Póst- og símamálastofnunar sem snerta hjónustuna.

21. gr.

Póst- og símamálastjóri getur, að höfðu samráði við ráðherra, ákveðið þóknun fyrir ýmsa auka- og viðbótarþjónustu og verð á söluvarningi, sem ekki er sérstaklega tilgreint í gjaldskrá fyrir pósthjónustu.

22. gr.

Gjald fyrir pósthjónustu greiðist fyrir fram með álimdum eða áprentuðum frímerkjum, frímerkingarvélastimplum eða áprentunum um greitt burðargjald.

Heimilt er þó að ákveða í reglugerð að burðargjald fyrir ákveðnar tegundir pósthjónunga eða vissar tegundir pósthjónustu skuli ekki greitt með frímerkjum heldur í reiðufé.

23. gr.

Eyðublöð sem notuð eru í póstpjónustunni verða, ásamt frímerkjum fyrir burðargjaldi sendinganna, eign Póst- og símamálastofnunar um leið og viðkomandi póstsendingum er skilað til flutnings.

24. gr.

Um póstmeðferð ófrímerktra eða vanfrímerktra sendinga skal farið samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerð, sem ráðherra setur.

25. gr.

Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að gera og gefa út frímerki sem skulu vera til sölu á öllum póststöðvum. Enn fremur er henni heimilt að láta gera kort og umslög með áprentuðum frímerkjum eða áprentun um burðargjald.

Slíkar áprentanir má hún einnig gera á kort og umslög frá einkaaðilum.

26. gr.

Heimilt er að greiða þeim, sem hafa algeng frímerki á boðstólum fyrir almenning, sölulaun, og setur Póst- og símamálastofnun nánari reglur þar um.

VI. KAFLI

Skaðabætur.

27. gr.

Póstsending telst í vörslu Póst- og símamálastofnunar frá viðtöku í póst og þar til hún er afhent á reglulegan hátt samkvæmt utanáskrift.

28. gr.

Skaðabætur greiðast ekki fyrir glataðar almennar bréfaþóstsendingar. Heldur ekki þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti.

29. gr.

Fyrir bréfaþóstsendingar í ábyrgð og böggla sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega verðmætis, þó ekki hærri en ráðherra ákveður hverju sinni í gjaldskrá.

30. gr.

Fyrir verðsendingar, sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega verðmætis, en þó aldrei hærri en nemur hinu tilgreinda verði.

31. gr.

Póst- og símamálastofnun ber fulla ábyrgð á því fé, sem hún hefur tekið við til sendingar sem fjármunapóstsendingu.

32. gr.

Skaðabætur ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatast hefur eða þeirrar rýrnunar sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir.

Eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða yfirleitt neinar óbeinar afleiðingar skaðans.

33. gr.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa fer samkvæmt gildandi milliríkjasamningum. Verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsvæði, greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir hlutaðeigandi tjónþola.

34. gr.

Póst- og símamálastofnun getur í sérstökum undantekningartilvikum bætt tjón samkvæmt almennum skaðabótareglum, ef tjónið er slíkt og ástæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla um takmarkaðar skaðabætur þykja ekki eiga við.

35. gr.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan árs frá því sending var afhent til flutnings.

VII. KAFLI

Viðurlög.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum 4., 5., 6., 7., 8., 12., 13., 15. og 16. greina varða sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Fyrir brot á 4. og 6. grein skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefur verið ólöglega.

Fyrir brot á ákvæðum 4., 5., 6., 7., 15. og 16. greina má ákveða sektina eftir atvikum á hendur sendanda eða þeim sem flutt hefur sendinguna eða þeim báðum. Brot gegn 9. grein varða refsingu samkvæmt 136. og 137. grein almennra hegningarlaga.

Auk framangreindra sekta er póst- og símamálastjóra heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi þannig að hvorki séu fluttar til þeirra póstsendingar né frá þeim.

Á sama hátt er heimilt að útiloka frá póstsambandi þá sem gera sig seka um megn og ítrekaða vanrækslu á að fara eftir lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Í reglugerð settri samkvæmt lögum þessum má enn fremur setja ákvæði um sektir fyrir brot á ákvæðum hennar.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Ákvæði þessara laga gilda einnig um póstpjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við milliríkjasamninga um póstpjónustu.

38. gr.

Reglugerðir um framkvæmd laga þessara setur ráðherra.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Falla þá jafnframt úr gildi póstlög nr. 31 12. febrúar 1940, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 73 frá 20. apríl 1954.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í febrúar 1985 skipaði Matthías Bjarnason, samgönguráðherra, eftirtalda menn til að endurskoða póstlög nr. 31 frá 12. febrúar 1940:

Rafn Júlíusson, póstmálafulltrúa, Óskar Kristjánsson, forstjóra og Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra, sem einnig var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin naut aðstoðar og ráðgjafar Árna Guðjónssonar hrl., lögmanns Póst- og símamálastofnunar, og Ragnhildar Hjaltadóttur, deildarlögfræðings í samgönguráðuneytinu.

Núgildandi póstlög eru um margt útelt orðin bæði vegna hinnar almennu þróunar póstmála hér á landi og vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á alþjóðavettvangi og Ísland hefur þegar gengist undir með aðild sinni að alþjóðapóstsamningum.

Í reynd hefur þetta ekki komið að sök, hvorki fyrir viðskiptavinum né rekstur póstpjónustunnar sem slíkrar, þar sem í gjaldskrá og reglugerðum settum af ráðherra með heimild í lögnum sjálfum, hefur verið unnt að setja í framkvæmd nauðsynlegar breytingar.

Það er því fyrst og fremst markmið þessa frumvarps til póstlaga að lögfasta þær breytingar á póstpjónustunni sem þegar eru komnar til framkvæmda að nokkru leyti og bæta við ákvæðum sem nefndin telur að séu til bóta, svo og að freista þess að færa ákvæði núgildandi laga í nútímahorf.

Í álitinu til ráðherra lagði nefndin til að það nýmæli yrði tekið inn í frumvarpið, að póstgírstofunni yrði heimilað að veita viðskiptamönnum sínum hliðstæða þjónustu og bankar og sparisjóðir veita varðandi inn- og útlán. Við umfjöllun ráðuneytisins á frumvarpinu var ekki fallist á þessa tillögu.

Í starfi sínu leitaði nefndin víða fanga, m. a. kynnti hún sér póstlöggjöf Dana og Svía.

Jafnframt fór nefndin vandlega yfir álit nefndar, sem Norðmenn settu á fót í nóvember 1980 og skilaði álitinu, ásamt drögum að frumvarpi til nýrra póstlaga, seint á árinu 1983. Gögn þessi auðvelduðu mjög störf nefndarinnar.

Frumvarpið skiptist í eftirfarandi höfuðkafla:

- I. Kafli Póstpjónustan, skilgreining, verksvið.
- II. Kafli Einkaréttur.
- III. Kafli Póstleynd.
- IV. Kafli Póstmeðferð.
- V. Kafli Gjaldskrá og frimerki.
- VI. Kafli Skaðabætur.
- VII. Kafli Viðurlög.
- VIII. Kafli Ýmis ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Póstpjónustan, skilgreining, verksvið.

Um 1. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. gr. núgildandi póstlaga, en í stað hinnar nákvæmu upptalningar á einstökum sendingartegundum eru aðeins taldir upp hinir þrjú höfuðflokkar póstsendinga og gert ráð fyrir, að ákvæði varðandi tegundir sendinga innan hvers flokks séu tekin upp í reglugerð.

Nokkrar af þeim sendingartegundum sem taldar eru upp í a-lið gildandi póstlaga hafa þegar verið felldar úr alþjóðapóstsamningum eða sameinaðar öðrum og ákvæðum um hámarksþyngd annarra verið breytt. Ekki er nauðsynlegt að taka h-lið núgildandi laga með

og g-liður er löngu úreltur. Samkvæmt núgildandi reglugerð fyrir pósthjónustu er bréfastöpsendingum skipt í eftirtaldir tegundir sendinga:

Bréf (þar með talin spjaldbréf og loftbréf)

Póstkort

Prent (þar með talið blindaprent)

Smápakkar (allt að 1 kg, verður 2 kg um áramótin 1985/1986)

Innrituð blöð og tímarit má telja til prentsendinga.

Fjármunapóstsendingar nefnast einu nafni eftirtaldir sendingar:

Póstávísanir

Póstkröfur

Póstgrófærslur (inn- og útborganir)

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða c-lið 1. gr. í gildandi pósthögum. Athygli er vakin á því að í 16. gr. þessa frumvarps eru tekin inn ákvæði um hvað skylt sé að senda í ábyrgðarbréfi.

Um 3. gr.

Efnislega samhljóða 2. gr. gildandi pósthaga en upptalningu á dæmum er sleppt. Hér er átt við ýmis störf, sem önnur lög, reglugerðir eða samningar ákveða að Póst- og símamálastofnun skuli annast. Má í þessu sambandi nefna innheimtu tolla af tollskyldum pósthögum inn- og útborgun orlofsfjár og útborganir úr erlendum pósthparibanka-bókum.

II. KAFLI

Einkaréttur.

Um 4. gr.

Efnislega samhljóða ákvæðum 5. gr. núgildandi pósthaga nema hvað í b-lið er viðbót svohljóðandi: „að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina pósthjónustunnar“. Þetta ákvæði er tekið úr dönskum pósthögum.

Um 5. gr.

Hliðstætt ákvæði er í 5. gr. núgildandi pósthaga. Til áhersluauka er talið rétt að hafa þessi fyrirmæli í sérstakri lagagrein.

Um 6. gr.

Hliðstætt ákvæði er í 5. gr. núgildandi laga.

Um 7. gr.

Efnislega hliðstætt ákvæðum 4. tl. 5. gr. núgildandi pósthaga nema bætt er inn, „a. m. k. fimm sinnum í viku“.

Um 8. gr.

Óbreytt frá niðurlagsákvæðum 5. gr. núgildandi pósthaga.

III. KAFLI

Póstleynd.

Um 9. gr.

Efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. a-liðar núgildandi pósthaga.

Um 10. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í b-lið 6. gr. núgildandi póstlaga en orðalag er annað. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nákvæmar reglur um fyrirmæli skv. greininni.

Um 11. gr.

Efnislega samhljóða c-lið 6. gr. núgildandi póstlaga. Rétt þykir að taka inn ákvæði um heimild þessara valdsmanna til að krefjast upplýsinga um notkun pósts, enda þótt önnur lög heimili slíkt.

IV. KAFLI

Póstmeðferð.

Um 12. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 4. gr. núgildandi póstlaga en orðalagi er breytt.

Um 13. gr.

Hliðstæð ákvæði er að finna í 8., 9., 10. og 12. gr. núgildandi póstlaga, en mörg ákvæði þessara lagagreina eru úrelt orðin eða eiga frekar heima í reglugerð um meðferð póstsins. Lögð er áhersla á að allur póstur hafi forgang fram yfir annan flutning.

Um 14. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 18. gr. núgildandi póstlaga.

Um 15. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 3. gr. núgildandi póstlaga. Nákvæmari fyrirmæli er nauðsynlegt að setja í reglugerð.

Um 16. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í c-lið 1. gr. í núgildandi póstlögum og í alþjóðapóstsamningum, sem Ísland er aðili að.

Um 17. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 14. gr. núgildandi póstlaga. Ákvæði þessarar greinar byggja á alþjóðasamningum og reglugerð.

Um 18. gr.

Parfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Gjaldskrá og frímerki.

Um 19. gr.

Í núgildandi lögum 13. gr. segir, „að ráðherra sá er með póstmál fer, ákveður í gjaldskrá, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra ...“.

Um 20. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 14. gr. núgildandi póstlaga.

Um 21. gr.

Þessi grein svarar til 15. gr. núgildandi póstlaga. Þó er upptalningu sleppt og sett inn ákvæði um að gjöld þessi skuli sett í samráði við ráðherra, þótt þau verði ekki birt á sama hátt og póstgjaldskrá.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til 1. og 2. mgr. 17. gr. núgildandi póslaga.

Um 23. gr.

Efnislega hliðstætt ákvæði 9. mgr. 17. gr. núgildandi laga. Sendandi og viðtakandi fá afklippingu eyðublaða eða samrit.

Um 24. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 17. gr. núgildandi póslaga. Þó er hér lagt til að lögfestur verði einkaréttur Póst- og símamálastofnunar sem gilt hefur.

Um 26. gr.

Efnislega hliðstætt ákvæði 8. mgr. 17. gr. núgildandi póslaga.

VI. KAFLI

Skaðabætur.

Um 27. gr.

Efnislega samhljóða 10. mgr. 20. gr. núgildandi póslaga.

Um 28. gr.

Sambærileg ákvæði eru í lokamgr. 20. gr. núgildandi póslaga.

Um 29. gr.

Sambærileg ákvæði eru í 1. og 8. mgr. 20. gr. núgildandi póslaga.

Um 30. gr.

Sambærileg ákvæði eru í 3. mgr. 20. gr. núgildandi póslaga.

Um 31. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 5. og 7. mgr. 20. gr. núgildandi póslaga.

Um 32. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 20. gr. núgildandi póslaga, sbr. 13. mgr.

Um 33. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 10. mgr. 20. gr. núgildandi póslaga.

Í þessari grein er eftirfarandi nýmæli:

„Verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsvæði, greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir hlutaðeigandi tjónþola.“

Um 34. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Að gefnu tilefni þykir rétt að setja inn ákvæði sem heimilar stofnuninni að bæta tjón skv. almennum skaðabótareglum ef ástæður eru slíkar að ákvæði þessa kafla þyki ekki eiga við.

Um 35. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 21. gr. núgildandi póslaga.

VII. KAFLI

Viðurlög.

Um 36. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 22. og 23. gr. núgildandi póstlaga, nema öllum sektarfjárhæðum er sleppt, þar sem um þær gilda lög nr. 10/1983, 23. gr. Í 2. mgr. er tekið inn ákvæði um að sé 9. gr. laganna brotin varði það refsingu skv. 136. og 137. gr. almennra hegningarlaga. Nýmæli er í síðustu mgr. þess efnis að sett er inn ákvæði um að ráðherra sé heimilt að setja sektarákvæði í reglugerð.

Heimild póststjórnarinnar í núgildandi lögum til að ákveða sektir er afnumin.

Um 37. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 25. gr. núgildandi laga. Jafnframt er tekið mið af sambærilegu ákvæði í danskri löggjöf.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 38. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Parfnast ekki skýringa.